

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

114
31. ágúst

Frá og með 1. september 1954 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 25. ágúst 1954. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. okt. 1952.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 31. ágúst 1954.

Ingólfur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

115
2. sept.

um breyting á reglugerð um búfjártryggingar, nr. 79 frá 7. maí 1953.

Aftan við 16. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bætur fyrir lambalát skulu vera 60% af tryggingarverði ærinnar. Eigi er gerður greinarmunur á því, hvort ærin lætur einu eða fleiri lömbum.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er gerð samkvæmt lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. september 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Arni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar“, 116 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. sept. 1954. 3. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Þorleifs Gunnarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Skólasjóður Þorleifs Gunnarssonar og er stofnaður með tvennum 5000 króna gjöfum af Þorleifi Gunnarssyni, bókbandsmeistara.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa til við útvegum áhalda handa sérskóla í bókbandi, er settur verði á stofn innan Iðnskólans í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins og öllum eignum hans má verja samkvæmt 2. gr., þó svo, að sjóðurinn verði ekki lagður niður, heldur verði honum haldið opnum fyrir áheit-

116 um og gjöfum til þess að afla fleiri tækja, eftir því sem þörf gerist og geta hans 3. sept. leyfir.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Tveir menn kosnir af stjórn Félags bókbandsiðnrekenda á Íslandi og tveir menn kosnir af stjórn Bókbindarafélags Íslands, allir til þriggja ára í senn, og skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, og er hann formaður sjóðstjórnarinnar.

5. gr.

Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans. Eignum sjóðsins skal komið á vöxtu á þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga hans skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga Iðnskólans í Reykjavík. Skulu reikningarnir skráðir í sömu bók og reikningar skólans.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók eftir að sjóðurinn tekur til starfa, og skal hún löggilda gerðabókina sjálf. Í hana skal hún skrá ákvarðanir sínar um ávöxtun sjóðsins og fjárveitingar úr honum, svo og annað sjóðnum viðvíkjandi, sem máli skiptir.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema til samræmingar löggjöf, sem kynni að brjóta í hág við skipulagsskrána.

Reykjavík, 18. ágúst 1954.

Helgi H. Eiríksson. Guðjón Runólfsson. Gunnar S. Þorleifsson.
Guðgeir Jónsson. Einar Helgason.

117 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Alfreds Benzons“, 8. sept. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. sept. 1954. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Alfreds Benzons.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Alfreds Benzons og er stofndagur hans 17. janúar 1955 á aldarafmæli Alfreds Benzons lyfsala og verksmiðjueiganda í Kaupmannahöfn.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal ávaxta hann með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, bréf gefin út eða tryggð af rikissjóði eða á annan jafn-öruggan hátt að dómi háskólaráðs.